

## **Ávarp rektors við opnun námskeiðsins Icelandic Online 1: menning.**

**Haldið í Veröld, húsi Vigdísar föstudaginn 23. júní 2017 kl. 16.00**

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að ávarpa þessa athöfn sem haldin er í tilefni af formlegri opnun námskeiðsins *Icelandic Online 1: menning*.

Eins og kunnugt er er hér um að ræða áfanga á þeirri vegferð að endurforrita öll námskeið Icelandic Online í því augnamiði að gera þau aðgengileg snjalltækjum, s.s. farsímum og spjaldtölvum, en slíkt aðgengi er nauðsynlegt þar sem sífellt fleiri notendur tengjast vefnum með þannig tækjum.

Það má skjóta því hér að að um alllangt skeið hefur verið unnið að endurgerð aðalvefs Háskóla Íslands í sama tilgangi, en rannsóknir sýna að árið 2016 fór hlutfall þeirra sem nota snjalltæki til að tengjast vefnum fram úr þeim sem nota hefðbundnar tölvur, og er snjalltækjanotkunin mun meiri meðal ungs fólks. Gert er ráð fyrir að nýr háskólavefur verði tekinn í notkun á næstu dögum.

Vinnan við endurforritun Icelandic Online hófst fyrir þremur árum og er námskeiðið sem tekið verður í notkun hér á eftir annað af sex námskeiðum Icelandic Online sem verður snjalltækjavætt. Verkið hefur verið unnið af nemendum í tölvunarfræði sem hafa hannað nýtt forrit undir leiðsögn Patrick Thomas, máltölvunarfræðings, en hann hefur verið verkefnisstjórn Icelandic Online til ráðgjafar allt frá því að fyrsta námskeiðið var unnið.

Icelandic Online er samstarfsverkefni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Óhætt er að segja að árangur Icelandic Online hafi verið ævintýri líkastur frá því að vefurinn hóf göngu sína fyrir tæpum hálfum öðrum áratug. Nú eru um 170 þúsund skráðir notendur vefsins um allan heim og eru um 50 þúsund þeirra virkir þátttakendur námskeiðanna. Námskeiðin eru notuð ýmist í sjálfstýrðu námi eða skipulögðu námi við Háskóla Íslands og erlenda háskóla sem kenna nútímaíslensku. Þá hófst fyrir þremur árum samvinna við Fróðskaparsetrið í Færeyjum um gerð vefnámskeiðs í færeysku, auk þess sem hafið er samstarf við Helsinki-háskóla um gerð vefnámskeiða í finnslandssænsku og verður fyrsta námskeiðið tekið í notkun á næstunni.

Þessi dæmi sýna hversu miklar og hraðar breytingar eru að verða á sviði náms og kennslu samfara þróun og útbreiðslu rafrænnar samskiptatækni, eflingu netsins, almennri notkun snjalltækja, þróun hugbúnaðarlausna og útbreiðslu samfélagsmiðla. Með tilkomu opinna netnámskeiða fyrir almenning, svokallaðra MOOC-námskeiða (Massive Open Online Courses), er nú unnt að ná til mun stærri og fjölbreyttari nemendahópa en hingað til og mun þessi þróun vafalítið setja mark sitt á kennsluhætti, hlutverk kennara og vinnulag nemenda.

Árið 2012 stofnaði Massachusetts Institute of Technology (MIT) ásamt Harvard-háskóla, Kaliforníuháskóla í Berkeley og fleiri

háskólum samstarfsnetið edX og stóð fyrir opnu vefnámskeiði í tölvunarfræði. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og tóku 155.000 nemendur frá yfir 160 löndum þátt. Fleiri háskólar hafa síðan bæst í hópinn og er gaman að geta sagt frá því að Háskóli Íslands hefur nú einnig sótt um aðild að edX. Væntir Háskólinn sér mikils af því samstarfi.

Hin nýja miðlunar- og samskiptatækni felur ekki aðeins í sér tækifæri heldur fylgja henni einnig áskoranir, ekki síst fyrir lítil málsvæði. Að undanfögnu hefur mikil umræða verið um stöðu íslenskrar tungu í heimi sem er að verða sífellt tæknivæddari og þar sem stjórnun tækjanna og samskipti við þau fara að miklu leyti fram á ensku. Skiptir í því sambandi sköpum að við styðjum við rannsóknir og þróun máltækni og að Háskóli Íslands verði þar í fararbroddi.

Góðir gestir. Það er sérlega ánægjulegt að Icelandic Online skuli hafa fengið aðsetur hér í Veröld – húsi Vigdísar, þessu glæsilega nýja húsi Háskóla Íslands.

Ég vil að lokum þakka aðstandendum Icelandic Online og öllum sem tekið hafa þátt í þessu frábæra verkefni fyrir þeirra framlag. Að öðrum ólöstuðum vil ég sérstaklega þakka verkefnisstjórninni og þeim Birnu Arnbjörnsdóttur og Úlfari Bragasyni fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Takk fyrir.